

Fundargerð

Aukafundur

Laugardaginn 19. janúar 2008 kom hreppsnefnd saman til fundar í íþróttahúsinu Veri á Þórshöfn. Fundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhanna Helgadóttir, Sigurður R. Kristinsson, Marínó Jónsson, Þórir Jónsson og Árni Davíð Haraldsson.

Dagskrá.

1. Mál. Fundur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis, laugardaginn 19. janúar 2008.

Fundi frestað til kl. 13:45.

Björn Ingimarsson kom á fundinn kl. 13.50.

Umræður urðu um málið og skiptar skoðanir. Kosið var um afstöðu til sameiningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðsins í Keflavík. Með sameiningu 4, móti sameiningu 3 . Samkomulag varð um að Siggeir Stefánsson fari með atkvæði sveitarfélagsins og að kosið verði 2 með og 1 á móti.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.